

47. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lög-
reglumál, og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í hreppssjóð.

42
10. maí

48. gr.

Samþykkt þessi skal birt í B-deild stjórnartíðindanna, og auk þess prentuð sjer-
staklega á kostnað hreppsins til útbýtingar meðal allra húsráðenda í hreppnum.

49. gr.

Breytingar á samþykkt þessari og viðauka við hana skal gera á sama hátt og
samþykktina sjálfa.

50. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. júní 1920.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. maí 1920.

Magnús Guðmundsson.

G. Sveinbjörnsson.

**Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð hjónanna Páls og Thoru
Melsteds«, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 17. maí 1920.** 43
17. maí

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

**fyrir »Styrktarsjóð hjónanna Páls og Thoru Melsteds«
handa ungum stúlkum.**

1. gr.

Sjóður þessi skal bera nafn stofnenda hans og heita: Styrktarsjóður hjón-
anna Páls og Thoru Melsteds. Nafni þessu má aldrei breyta.

43

17. maí

Sjóður þessi skal styrkja efnilegar fátækar stúlkur, sem hafa verið tvo vetur í Kvinnaskólanum í Reykjavík, til framhalds náms þar í efstu bekkjum skólans.

Ef Kvinnaskóli Reykjavíkur verður afnuminn, sem sjerskóli til almennrar mentunar fyrir stúlkur eingöngu, skal þeim hluta af vöxtum sjóðsins, sem eigi er lagður við höfuðstólinn, varið til þess að styrkja efnalitlar stúlkur, sem sýnt hafa góða hæfileika til kennarastarfs, til þess að fullkomna sig í tvö eða þrjú ár í ment sinni í góðum skóla í Danmörku.

3. gr.

Af árlegum vöxtum sjóðsins skal einn fimti hluti lagður við höfuðstólinn honum til aukningar, en fjórum fimtu hlutum skal varið eins og segir í 2. gr. Ef fjórum fimtu hlutum ársvaxtanna er eigi varið öllum eitthvert ár stúlkum til styrktar, skal leggja afganginn þegar við höfuðstólinn.

Enginn styrkur úr sjóðnum skal vera minni en 100 krónur.

4. gr.

Sjóður þessi skal ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Honum stjórnar forstöðunefnd Kvinnaskólans undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands, kenslumáladeildarinnar, og skal árlega birta reikning sjóðsins í stjórnartíðindunum. Ef Kvinnaskólinn í Reykjavík eða forstöðunefnd hans yrði afnumin, skal sjóðurinn falla undir stjórn kenslumáladeildar stjórnarráðsins og skal þá veita stúlkum námsstyrk úr honum eins og segir í 2. grein, síðari hluta.

5. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal forstöðunefnd Kvinnaskólans fá konunglega staðfestingu.

Kaupmannahöfn, Ole Suhrsgötu 18. 13. nóvember 1919,

Bogi Th. Melsted.

44

25. maí á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra stjórnarráðsins 25. maí 1920. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Sjúkrasjóð Fellsstrandarhrepps.

1. gr.

Sjóður þessi, sem nefnist Sjúkrasjóður Fellsstrandarhrepps, er stofnaður með gjöf til minningar um hjónin Jónas Jónsson og Kristbjörgu Einarsdóttur frá Skógum og er að upphæð 220 krónur — tvö hundruð og tuttugu krónur.